

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2009
Tilvísun: UST20081200082/sá

Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.


Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 11. desember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 187. mál, heildarlög.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Umhverfisstofnun leggur til að á eftir 1. málslíð 3. mgr. 14. gr. komi nýr málslíður sem hljóði: „Sérstakar aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein geta m.a. falið í sér hreinsun, breytingu eða stækkun frárennslikerfis.“ Með þessu móti er kveðið skýrar á um að heimilt sé að innheimta hjá gjaldskyldum aðila aukagjald í samræmi við þá mengun sem hann veldur. Það ætti að vera hvati fyrir gjaldskyldan aðila til að bæta mengunarvarnir sínar til þess að komast hjá álagningu aukagjalds.

Umhverfisstofnun telur orðalag 5. mgr. 17. gr. frumvarpsins ekki nægilega skýrt. Lagt er til að 5. mgr. 17. gr. frumvarpsins hljóði: „Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um aðgang að hreinsivirki fyrir stök hús“. Með þessu móti er kveðið skýrar á um landeigandi geti ekki krafist þess að tengjast t.a.m. hreinsivirki nágretta síns.

Virðingarfyllst


Kjartan Ingvarsson


Gísli Jónsson